

Greiðsluleiðir Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands býður sjóðfélögum sínum upp á fjórar greiðsluleiðir þar sem iðgjaldshluttur sér-eignar fer vaxandi eða úr 41% í leið I í 73% í leið IV.

Allir vinnandi menn, launþegar og sjálfstætt starfandi, á aldrinum 16-70 ára verða að greiða í lífeyrissjóð. Iðgjald til lífeyrissjóðs skal ekki vera lægra en 15,5% af iðgjaldastofni. Yfirleitt er framlag launþega 4% og launagreiðanda 11,5%.

Tryggingarverndin í lífeyrissjóðum kallast lágmarkstryggingarvernd. Lágmarkstryggingarvernd veitir rétt til elli-, örorku-, barna- og makalífeyris. Miðað við 40 ára inngreiðslutíma í lífeyrissjóð tryggir lágmarkstryggingarvernd 56% af meðallaunum í mánaðarlegan ellilífeyri til æviloka.

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands tekur við iðgjaldi í skyldulífeyrissparnað (15,5%) en nýtir heimild í lögum til þess að blanda saman samtryggingu og séreign. Hluti skylduiðgjalds rennur því í frjálsa og bundna séreign sem erfist.

Leið I

Skipting iðgjalds

Skylduiðgjaldið (15,5%) skiptist í tvennt í leið I, 59% fara í samtryggingu og 41% renna í frjálsa séreign.

41% af iðgjaldi erfist




Útgreiðslur

Greiðslur úr samtryggingu hefjast við 70 ára aldur og tryggja ævilangan ellilífeyri, sem og rétt til örorku-, maka- og barnalífeyris.

Útgreiðsla frjálsrar séreignar getur hafist við 60 ára aldur og er hún þá laus til útborgunar líkt og séreignarsparnaður.

Ef leið I er valin er unnt að flýta töku ellilífeyris úr samtryggingu frá og með 65 ára aldri og lækka þá mánaðarlegar greiðslur í takt við það þar sem greiðslur dreifast yfir lengri tíma.



Samtrygging	Mánaðarlegur lífeyrir frá 70 ára aldri til æviloka.
Frjáls séreign	Laus til útgreiðslu frá 60 ára aldri. Hér dreift á 10 ár frá 70 til 80 ára aldurs.

Leið II

Skipting iðgjalds

Skylduiðgjaldið (15,5%) skiptist í þrennt í leið II. Þannig fara 47% í samtryggingu, 17% renna í bundna séreign og 36% í frjálsa séreign.

53% af iðgjaldi erfist




Útgreiðslur

Greiðslur úr bundinni séreign hefjast við 70 ára aldur og þeim lýkur við 75 ára aldur. Falli sjóðfélagi frá áður en greiðslum úr bundinni séreign er lokið að hluta eða öllu leyti rennur inneign til erfingja.

Greiðslur úr samtryggingu hefjast við 75 ára aldur og tryggja þær ævilangan ellilífeyri sem og rétt til örorku-, maka- og barnalífeyris.

Útgreiðsla frjálsrar séreignar getur hafist við 60 ára aldur og er hún þá laus til útborgunar líkt og hefðbundinn séreignarsparnaður.



Samtrygging	Mánaðarlegur lífeyrir frá 75 ára aldri til æviloka.
Bundin séreign	Greidd frá 70 til 75 ára aldurs. Erfist falli sjóðfélagi frá.
Frjáls séreign	Laus til útgreiðslu frá 60 ára aldri. Hér dreift á 10 ár frá 70 til 80 ára aldurs.

Leið III

Skipting iðgjalds

Skylduiðgjaldið (15,5%) skiptist í þrennt í leið III. Þannig fara 36% í samtryggingu, 30% renna í bundna séreign og 34% í frjálsa séreign.

64% af iðgjaldi erfist




Samtrygging	36%
Frjáls séreign	34%
Bundin séreign	30%

Útgreiðslur

Greiðslur úr bundinni séreign hefjast við 70 ára aldur og þeim lýkur við 80 ára aldur. Falli sjóðfélagi frá áður en greiðslum úr bundinni séreign er lokið að hluta eða öllu leyti rennur inneign til erfingja.

Greiðslur úr samtryggingu hefjast við 80 ára aldur og tryggja þær ævilangan ellilífeyri sem og rétt til örorku-, maka- og barnalífeyris.

Útgreiðsla frjálsrar séreignar getur hafist við 60 ára aldur og er hún þá laus til útborgunar líkt og hefðbundinn sér-eignarsparnaður.




Samtrygging	Mánaðarlegur lífeyrir frá 80 ára aldri til æviloka.
Bundin séreign	Greidd frá 70 til 80 ára aldurs. Erfist falli sjóðfélagi frá.
Frjáls séreign	Laus til útgreiðslu frá 60 ára aldri. Hér dreift á 10 ár frá 70 til 80 ára aldurs.

Leið IV

Skipting iðgjalds

Skylduiðgjaldið (15,5%) skiptist í þrennt í leið IV. Þannig fara 27% í samtryggingu, 42% renna í bundna séreign og 31% í frjálsa séreign.

73% af iðgjaldi erfist




Samtrygging	27%
Frjáls séreign	31%
Bundin séreign	42%

Útgreiðslur

Greiðslur úr bundinni séreign hefjast við 70 ára aldur og þeim lýkur við 85 ára aldur. Falli sjóðfélagi frá áður en greiðslum úr bundinni séreign er lokið að hluta eða öllu leyti rennur inneign til erfingja.

Greiðslur úr samtryggingu hefjast við 85 ára aldur og tryggja þær ævilangan ellilífeyri sem og rétt til örorku-, maka- og barnalífeyris.

Útgreiðsla frjálsrar séreignar getur hafist við 60 ára aldur og er hún þá laus til útborgunar líkt og hefðbundinn sér-eignarsparnaður.



Samtrygging	Mánaðarlegur lífeyrir frá 85 ára aldri til æviloka.
Bundin séreign	Greidd frá 70 til 85 ára aldurs. Erfist falli sjóðfélagi frá.
Frjáls séreign	Laus til útgreiðslu frá 60 ára aldri. Hér dreift á 10 ár frá 70 til 80 ára aldurs.

Um lífeyrissjóðinn

Sjóðurinn er ætlaður starfandi tannlæknum og mökum þeirra. Hlutverk sjóðsins er að ávaxta iðgjöld sjóðfélaga og tryggja þeim og erfingjum þeirra lífeyri samkvæmt samþykktum sjóðsins. Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands skiptist í sér-eignar- og samtryggingardeild. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og lýtur eftirliti fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Landsbankinn hf. hefur umsjón með daglegum rekstri sjóðsins á grundvelli rekstrarsamnings.

Tengiliðir sjóðfélaga

Gústav Gústavsson
beinn sími: 410-6221
gustav.gustavsson@landsbankinn.is
Verðbréfa- og lífeyrisþjónusta
Landsbankans
sími: 410 4040

Framkvæmdastjóri:

Ólafur Páll Gunnarsson
olafurpall@landsbankinn.is

Stjórn sjóðsins

Sigurgísli Ingimarsson, stjórnarformaður, Gísli Vilhjálmsson, varaformaður, Margrét Helgadóttir, ritari, Heiðdís Halldórsdóttir og Sæmundur Pálsson.